

10. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 10. ágúst 2020, kl. 17:00 á skrifstofu Siðmenntar, Skipholti 50c.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Mörður Árnason (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri). Hope Knútsson (varamaður), á fjarfundi.

Sérstakur gestur: Heiðrún Arna Friðriksdóttir, verkefnastjóri BF, sem sat fundinn undir þremur fyrstu dagskrárliðum.

Boðuð forföll: Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), Karen Edda Benediktsdóttir (aðalmaður) og Margrét Pétursdóttir (aðalmaður)

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Fyrirkomulag BF á næsta starfsári

a. Formaður leggur drög að fyrirkomulagi BF 20-21

Stjórn tekur vel í tillögur formanns sem verða lagðar til grundvallar í þá vinnu sem framundan er með leiðbeinendum.

Framkvæmdastjóri, formaður og verkefnastjóri BF setjast yfir málið og búa til drög að verkáætlun fyrir fermingarráð og greina kostnað.

2. Fundur með leiðbeinendum BF

a. Dagskrá

Farið yfir drög að dagskrá fundar. Fundað verður fimmtudaginn 13. ágúst. Ítrekun fundarboðs sent út á morgun með dagskrá.

3. Ágústfermingar - viðbragð við COVID

a. Breytingar vegna COVID

Starfsfólk hefur brugðist við ástandinu með því að:

- i. Bæta við athöfn til að minnka þær
- ii. Fækka gestum og hafa sóttvarnarhólf (að ráði Hörpu)
- iii. Undirbúa lokað streymi
- iv. Bjóða fermingarbörnum að flytja sig yfir á athafnir í október/vor

4. Stjórn kirkjugarðanna

a. Tilnefning

Siðmennt á fulltrúa í framkvæmdastjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis, sem hefur ekki verið virkur um nokkurt skeið. Tilnefna þarf nýjan fulltrúa og einn til vara.

Framkvæmdastjóri verður aðalmaður og Mörður Árnason varamaður.

5. Gjaldskrá útfara

a. Niðurfelling niðurgreiðslu ríkissjóðs

Þar sem lögum var breytt nýverið, greiðir stjórn kirkjugarðanna ekki lengur niður útfarir. Full niðurgreiðsla (útför+kistulagning) hefur hingað til staðið undir um helmingi kostnaðar við athöfn (~35.000 kr.) og dánarbúið greitt það sem upp á vantar.

Athafnarstjórar sem stýra útförum hittast á þriðja þrepi útfararnámskeið 11. september og þá gefst þeim kostur á að

ráðleggja okkur með endurskoðun gjaldskrár útfara, sem krefst í raun allsherjaryfirhalningu.

Gjaldskrá verður óbreytt þar til athafnastjórar hafa skilað af sér sínum tillögum og Siðmennt mun taka á sig mögulegan kostnað sem af því skapast.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 1. september klukkan 17:00

Fundi slitið klukkan: 18:50